

GJALDSKRÁ

fyrir hreinsun, tæmingu og eftirlit með rotþróum í Þingeyjarsveit.

1. gr.

Heimild og markmið.

Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar er heimilt að innheimta árlega gjöld vegna hreinsunar rotþróa á vegum sveitarfélagsins samkvæmt gjaldskrá sem sett er samkvæmt 5. mgr. 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar.

Fyrir hverja fasteign innan marka Þingeyjarsveitar með eigin fráveitu, eða fráveitu sem ekki er tengd holræsakerfi í eigu Þingeyjarsveitar, skal greiða árlegt þjónustugjald, sbr. 4. gr. samþykktar um hreinsun og losun rotþróa á starfssvæði heilbrigðisnefndar Norðurlands eystra, að undanteknum Húsavíkurbæ. Greiða skal sérstakt gjald fyrir hverja rotþró, ef fleiri en ein rotþró er á sömu fasteign.

Undanþegnir frá gjaldskyldu eru aðilar sem framvísa samningi um tæmingu rotþróa við þjónustuaðila með gilt starfsleyfi heilbrigðiseftirlits, sbr. 3. gr. samþykktar um hreinsun og losun rotþróa á starfssvæði heilbrigðisnefndar Norðurlands eystra, að undanteknum Húsavíkurbæ. Ef fleiri en ein húseign er tengd rotþró skal þjónustugjaldi deilt með jöfnum hætti á fasteignir, nema ef sýnt er fram á aðra eignar- eða notkunarskiptingu á þrónni.

Markmið gjaldskrárinnar er að fylgja eftir markmiðum laga um uppbyggingu og rekstur fráveitna nr. 9/2009 um að gjöld fyrir fráveitu standi undir rekstri hennar.

2. gr.

Gjald.

Árlegt gjald fer eftir stærð rotþróa og er eftirfarandi miðað við tveggja ára losun:

- | | | |
|----|----------------------|--|
| 1) | 0-4.000 lítrar | 20.013 kr. |
| 2) | 4.001-6.000 lítrar | 26.513 kr. |
| 3) | 6.000 lítrar og yfir | Innheimt 2.988 kr. fyrir hvern m ³ umfram 6.000 lítra |

Séu rotþrær losaðar árlega skal innheimt sem hér segir:

- | | | |
|----|----------------------|--|
| 1) | 0-4.000 lítrar | 40.027 kr. |
| 2) | 4.001-6.000 lítrar | 53.025 kr. |
| 3) | 6.000 lítrar og yfir | Innheimt 5.974 kr. fyrir hvern m ³ umfram 6.000 lítra |

Endurkomugjald (þ.e. ef þró er ekki tilbúin til losunar) 50% álag miðað við stærð þróar.

Fjárhæð árgjalds miðast við að tæming og skoðun rotþróar eigi sér stað annað hvert ár. Komi fram beiðni um eða ef nauðsynlegt er að tæma rotþró sérstaklega, skal greiða samkvæmt reikningi verktaka.

Fjárhæð árgjalds miðast við að hreinsibíll þurfi ekki að nota lengri barka en 50 metra. Ef leggja þarf lengri barka en 50 metra þá leggjast við kr. 14.538.

Gjalddagi og innheimta þjónustugjalds skv. 2. gr. fer fram með sama hætti og á sama tíma og álagning fasteignaskatts. Gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari er heimilt að innheimta með fjárnámi í fasteign sem rotþró tengist án tillits til eigendaskipta. Njóta gjöldin lögveðsréttar í lóð og mannvirkjum næstu tvö ár eftir gjalddaga, með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

3. gr.

Gildistaka.

Gjaldskrá þessi er samin á grundvelli samþykktar um hreinsun og losun rotþróa á starfssvæði heilbrigðisnefndar Norðurlands eystra að undanskildum Húsavíkurbæ, nr. 671/2003. Gjaldskráin er samin og samþykkt af sveitarstjórn Þingeyjarsveitar og staðfest á fundi hennar 11. desember 2025 til að öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir hreinsun rotþróa í Þingeyjarsveit, nr. 1746/2024.

Þingeyjarsveit, 11. desember 2025.

Gerður Sigtryggisdóttir sveitarstjóri.

B deild - Útgáfudagur: 29. desember 2025